

REGLUGERÐ

um námsstyrki til læknanema gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

1. gr.

Heimilt er að veita árlega allt að 10 stúdentum í læknisfræði námsstyrki, hvern að fjárhæð allt að 200 þús. krónur, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi.

2. gr.

Veita má sama stúdent styrk í allt að 3 ár, þó aldrei fyrr en hann hefur staðist fyrsta hluta embættisprófs.

3. gr.

Umsóknir um slíka námsstyrki skal rita á sérstök eyðublöð, sem heilbrigðis-málaráðuneytið lætur gera, og skal þar gerð grein fyrir efnahag umsækjanda, námsferli og öðru því, sem ráðuneytið telur skipta máli.

Umsóknir skal senda ráðuneytinu fyrir 1. janúar ár hvert. Leitar það umsagnar læknadeildar háskólans og landlæknis um umsækjendur.

4. gr.

Styrkþegi skal skuldbinda sig til að gegna læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi þannig að hver styrkveiting jafngildi einu almanaksári í læknisstarfi.

5. gr.

Styrkþegi skal vera reiðubúinn til að gegna læknisþjónustu þessari 1½ ári eftir læknispróf og í því starfi, sem ráðherra ákveður eða styrkþegi óskar.

Hafi þjónustu styrkþega eigi verið óskað 2½ ári eftir lokapróf, fellur niður skylda hans, enda semjast eigi öðruvísi milli ráðherra og styrkþega.

6. gr.

Geti styrkþegi ekki uppfyllt skyldur sínar, af ástæðum, sem ráðherra metur gildar, skal hann þá þegar hefja endurgreiðslu styrkja þeirra, sem hann hefur notið og endurgreiða þá ásamt vixilvöxtum, þannig að hver styrkveiting endurgreiðist á einu ári, a. m. k. ¼ hluti á 3ja mánaða fresti ásamt áföllnum vöxtum.

7. gr.

Ráðuneytið lætur gera samning og skulu þar prentaðir skilmálar þeir, sem styrkþegi gengst undir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 43. gr. 1. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.